

Nd.

147. Frumvarp til laga

[122. mál]

um breytingu á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og síðari breytingum á þeim.

Flm.: Sigurgeir Sigurðsson, Friðrik Sophusson.

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist 5. töluliður er orðist svo:

5. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þjónustufyrirtæki sveitarfélaga né samrekstrarfyrirtæki sveitarfélaga og ríkis, sbr. þó 12. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er að núgildandi ákvæði í lögum nr. 56 frá 1978 stofna fjárhagsafkomu fyrirtækja sveitarfélaga í algjört strand og hljóta að draga úr frumkvæði sveitarstjórna til þjónustu við borgarana.

Íbúarnir kjósa sveitarstjórn til þess að fara með mál sín, þ.m.t. gjaldskrár fyrirtækja sinna. Þessar heimastjórnir standa ábyrgar gagnvart umbjóðendum sínum á fjögura ára fresti og verja þar fyrir kjósendum gerðir sínar.

Það hlýtur að vera pólitísk stefna hverrar sveitarstjórnar fyrir sig, hvernig hún metur til fjár þá þjónustu sem hún veitir íbúunum, og ætti löggjafinn að virða þá sjálfstjórn og valddreifingu sem í því felst.

Margar sveitarstjórnir, sem undanfarin ár hafa teflt á tæpasta vaðið varðandi fjárhag sinn með erlendum eða verðtryggðum lántökum til uppbyggingar orku-fyrirtækja, hafa verið gerðar ómerkar og hafa glatað lánstrausti sínu vegna aðgerða löggjafans, sem hefur komið í veg fyrir eðlilega gjaldtöku þessara þjónustufyrirtækja og þar með kippt grundvellingnum undan rekstri þeirra.

Rétt er að vekja athygli á lögum nr. 112/1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, en þar er í III. kafla mælt fyrir um hvernig rekstrarkostnaði skuli skipt milli notenda og rekstraraðila: „Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila greiði sveitarfélag sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%.
2. Til leikskóla allt að 40%.

Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila, sem leyfi hafa til rekstrar og eigi eru rekin af sveitarfélaginu sjálfu, greiði sveitarfélagið rekstrarstyrk að loknu ársuppgjöri dagvistarheimilisins. Skal reglugerð setja nánari ákvæði um hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað sem sveitarfélagið tekur þátt í.

Heimilt er að greiða allt að 50% af rekstrarkostnaði fyrir fram.“

Þótt sveitarstjórnnum sé þvert um geð slík afskipti löggjafans af gjaldskrá, þá eru þessi lög ekki virt og er þessi tilvitnun tekin sem dæmi um það virðingarleysi er gjaldskrár fyrirtækja sveitarfélaga njóta.